



Faghópur I

Fundargerð 24. fundar

Orkustofnun, 10. desember 2009, kl. 10:00-14:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Gísli Már Gíslason, Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds, Ragnheiður Traustadóttir (frá kl. 11:30), Snorri Baldursson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Freysteinn Sigmundsson.

Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Uppkast að fundargerð síðasta fundar hafði verið send út og telst samþykkt ef ekki bærust athugasemdir fyrir hádegi á föstudaginn 11. des.
- Næstu fundir.** Farið var yfir fundaáætlun fram í janúar:
 - Næsti reglulegi fundur verður fimmtudaginn 17. des. Kl. 10:00-12:00.
 29. des: Dagsfundur (10:00-17:00) um landslag og fyrstu útreikninga.
 - 8.-10. jan: 3ja daga vinnufundur á Hótel Heklu (fös-sun). Á þeim fundi munu sérfræðingar á hverju sviði leggja fram lokatillögu um áhrifamat.
 - Þri. 12. jan: Áhrifamat á landslagi.
 - Fim. 14. jan: Til vara – aðeins fundað ef eitthvað stendur út af.
 - 16.-17. jan (lau-sun): Lokaröðun (AHP). Ef ástæða verður til gæti komið til fundar fös. 15. Jan.
- Kynning á AHP-aðferðafræðinni.** Boða Pál Jensson, prófessor við HÍ, á næsta fund til að kynna AHP-aðferðina (þreppgreiningu) sem notuð verður við lokaröðun virkjunarkosta.
- Almennar umræður um aðferðafræði.** Í þessum umræðum kom eftirfarandi fram:
 - Taka verður sérstakt tillit til náttúruverndaráætlana og verndaðra/friðaðra svæða.
 - Ástæða er til að skilgreina nálgun á mati einstakra virkjunarkosta, t.d. hvernig eigi að meta „áhrif“ og hvenær hafi virkjanir „áhrif“ á einstök svæði.
 - Ávallt hafa í huga að einangraðar einkunnir sem slíkar skipta ekki máli heldur innbyrðis einkunnir virkjunarkosta enda er verið að raða þeim í forgangs röð.
 - Rætt var um hvort rétt væri að sleppa áhrifsmati á verðmætustu svæðunum heldur að skilgreina þau beint í verndarflokk.
 - Hilmar lagði til að fylgt yrði fordæmi matsvinnu í 1. áfanga þar sem stuðst var við töflu (matrixu) þar sem kæmi fram stuttur, hnitmiðaður rökstuðningur fyrir einstökum einkunnum. Hilmar mun útbúa sýnishorn slíkrar töflu og senda hópmeðlimum.
- Mat á örverum á háhitasvæðum.** Spurt var um mat á um örverum Þóra lagði til að fylgt yrði tillögum frá Sólveigar Pétursdóttur hjá Mátis/. Hún hefur sent inn tillögur sínar að forgangs röðun

en formleg skýrsla Matís verður ekki gefin út fyrr en á nýju ári. Senda skal niðurstöður Sólveigar á alla meðlimi faghópsins. (Sjá vinnusvæði).

6. **Aðgangur að vinnusvæði og vefsíða.** Senda skal út notendanöfn og lykilorð að vinnusvæði á heimasíðu og vefsíða rammaáætlunar.
7. **Verðmætatamat á menningarminjum.** Sólborg kynnti fyrstu matstillögu um verðmætatamat menningarminja á háhita- og fallvatnssvæðum. Fram komu spurningar og athugasemdir sem teknar verða til skoðunar. Kynning hennar mun liggja frammi á síðari stigum.
8. **Verðmætatamat flóru á háhitasvæðum.** Þóra kynnti verðmætatamat flóru á háhitasvæðum sem hún hafði unnið í samráði við Snorra. Í framhaldinu fór hún aðra umferð yfir mat á vatnsaflssvæðum eftir að hafa lagað að athugasemdum sem fram höfðu komið. Kynningin mun liggja frammi á síðari stigum.
9. **Verðmætatamat gróðurs á háhitasvæðum (vistkerfi og gróður).** Kynning Þóru sem liggja mun frammi á síðari stigum.
10. **Kynning á vatnalífi háhitasvæða.** Ekki gafst tími til að fara yfir kynningu Hilmars og Gísla og bíður hún næsta fundar.
11. **Fundi var slitið** kl. 14:15.
12. **Næsti fundur** verður haldinn á Orkustofnun þann 17. des. Kl. 10:00.